

Úrskurður nr. 14/2002

- Endurákvörðun
- Tollflokkun
- Fyrning

Kærður er úrskurður tollstjóra dags. 13. nóvember 2002, um tollflokkun á bastkörfum. Endurákvörðunin tekur til 115 vörusendinga. Kærandi gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð sem umbúðir. Þá gerir kærandi kröfu um að ef tollflokkun tollstjóra verði samþykkt að úrskurðað verði að hluti af kröfu tollstjóra sé fyrndur alls 55 sendingar. Ríkistollanefnd samþykkti tollflokkun tollstjóra og fellst á fyrningarkröfu kæranda.

Lög nr. 55/1987 tollalög 99. gr. 100. gr., 101. gr., 103. gr. 3. og 5. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Lög um vexti og verótryggingu nr. 38/2001. 1. og 3. gr. reglugerðar nr. 61/1989.

Með bréfi sem barst ríkistollanefnd þann 18. desember 2002 kærir L., fyrir hönd B., úrskurð tollstjóra, dags. 13. nóvember 2002. Í hinum kærða úrskurði endurákvörðar tollstjóri gjöld af alls 115 vörusendingum vegna rangrar tollflokkunar. Um er að ræða bastvöru sem innflytjandi flokkaði ýmist í tnr. 4602.1001 eða 4602.9001. Tollstjóri telur að flokka beri vöru þessa í tnr. 4602.1009 eða 4602.9009. Hækkun aðflutningsgjalda er kr. 2.025.933,00 auk dráttarvaxta frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags. Kærandi gerir kröfu um að úrskurði tollstjóra verði hrundið og tollflokkun kæranda staðfest. Ef ríkistollanefnd fellst ekki á að fella ákvörðun tollstjóra úr gildi bendir kærandi á að hann telji að hluti af kröfu tollstjóra sé fyrndur alls 55 sendingar, sbr. ákvæði 3. og 5. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905.

Í kærinni segir m.a. að með bréfi tollstjóraembættisins, dags. 23. ágúst 2002, hafi kæranda verið tilkynnt að embættið hygðist endurákvörða aðflutningsgjöld vegna sendinga sem tilgreindar voru í bréfi embættisins. Um var að ræða athugasemdir við tollflokkun kæranda á bastvörum. Taldi embættið að vörurnar væru ranglega tollflokkaðar í tnr. 4602.1001 og 4602.9001 sem varningur til flutnings eða pökkunar á vöru, en það ætti samkvæmt túlkunarreglum tollstjóraembættisins að flokka vörurnar í tnr. 4602.1009 og 4602.9009 sem annað og ættu því að bera auk virðisaukaskatts, A-toll 10%. Því væru aðflutningsgjöld að mati tollstjóra, vegna þeirra sendinga sem tilgreindar voru í bréfi embættisins, vangreidd. Kærandi andmælti boðuðum breytingum með bréfi, dags. 9. september 2002, og benti á að bastvörur, sem kærandi flutti inn til landsins í tilgreindum sendingum, væru endurseldar framleiðslufyrirtækjum á Íslandi. Bastvörurnar væru notaðar til innpökkunar og flutnings á matvælum og öðrum smásöluvarningi.

Þá segir að þrátt fyrir skýringar kæranda, hafi tollstjóraembættið ákveðið þann 13. nóvember s.l. að kæranda bæri að greiða endurákvörðuð aðflutningsgjöld auk vaxta að fjárhæð kr. 2.025.933. Um heimild til endurákvörðunar vísaði tollstjóraembættið til 3. tölul. 5. mgr. 99. gr. sem og 1. mgr., sbr. 2. tölulið 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og um ákvörðun um tollflokkun vísaði tollstjóraembættið til túlkunarreglna nr. 1 og 6 við tollskrá þar sem varan væri ekki ætluð til flutnings eða pökkunar. Tollstjóraembættið vísaði til þess að kærandi hefði vitað eða mátt vita um að tollflokkun vörurnar

væri röng, og því væri endurákvörðun aðflutningsgjalda sex ár aftur í tímann heimil, sbr. neðangreint ákvæði 2. tölul. 5. mgr. 99. gr. tollalaga: „Hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Það getur m.a. átt við hafi innflytjandi áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi ákvörðun tollstjóra um tollflokkan vöru í tiltekið tollskrárnúmer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams konar vöru í annað tollskrárnúmer við tollafgreiðslu eða áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda í ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollstjóra.“ Af gögnum málsins sé ljóst að kærandi hafi ekki fengið úrskurð eða bindandi ákvörðun tollstjóraembættisins um tollflokkan þeirrar vöru sem hér um ræðir. Í einhverjum tilfellum hafi tollstjóraembættið gert athugasemdir við tollafgreiðslu kæranda og ber embættið því við að þær athugasemdir jafngildi því að kærandi hafi vitað eða mátt vita að hann væri að tollflokka vöruna í rangan tollflok. Af ofangreindum texta 2. tölul. 5. mgr. 99. gr. tollalaga og athugasemdum með textanum í frumvarpi til tollalaga nr. 55/1987, segir að ákvæði greinarinnar beri að túlka þröngt. Jafnvel þótt svo væri, þ.e. að innflytjandi vissi eða mætti vita að tollflokkan sú er hann viðhafði væri röng, fæli það í sér að hann hefði fengið vitneskju um annað með úrskurði eða bindandi ákvörðun tollstjóra og því ekki nóg að einungis hafi verið gerðar athugasemdir við tollflokkanina og af þeim sökum á tilvísun til 2. tölul. 5. mgr. 99. gr. tollalaga því ekki við. Þá er því alfarið mótmælt að þau viðbrögð innflytjanda að leiðrétta tollflokkan sína til samræmis við athugasemdir frá tollstjóraembættinu feli í sér einhverja viðurkenningu á því að sú tollflokkan sem innflytjandi viðhafði hafi verið röng. Það sé öllum ljóst sem að innflutningi koma að leiðréttingar á tollflokkan eftir athugasemd frá tollstjóra séu gerðar undir mikilli pressu og því sé enginn tími til að fara ofan í hlutina svo innflytjendur einfaldlega treysta athugasemdum tollstjóraembættisins án þess þó að í því felist einhver viðurkenning. Þá segir að samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar skuli tollflokkan í vafatilvikum fara eftir þeim vörulið sem felur í sér nákvæmstu vörulýsingu, sbr. reglu 3 tölul. a túlkunarreglnanna. Enn fremur segir í reglu 4 að vörur sem verði flokkaðar samkvæmt reglum 1-3 skuli taldar til sama vöruliðar og þær vörur sem þeim eru líkastar. Staðreyndin sé sú að kærandi hafi ávallt staðið í þeirri trú að skilningur hans á greindum túlkunarreglum væri réttur með hliðsjón af notkun og nýtingu hinnar innfluttu vöru og því tollafgreitt í tollflok 4602.1001 og 4602.9001. Varan sé til að mynda nýtt sem pakkning til flutnings undir osta frá Osta- og smjörsölunni, og undir snyrtivörur frá The Body shop. Vörunni sé ætlað að auðvelda framsetningu, flutning og sölu á vöru annars framleiðanda. Innflutt vara kæranda sé því augljóslega ekki nýtt sem margnota umbúðir eða skraut sem jafnan sé flokkað í tollflok 4602.1009 og 4602.9009 enda ljóst af framsetningu vörunnar sem umbúðir að hún endi í ruslatunnunni eftir notkun. Kærandi telur ljóst að hann hafi við tollflokkan vörunnar fylgt túlkunarreglum við gildandi tollskrá og tollafgreitt vöru þá er hann hefur flutt inn í þann tollflok er tekur til körfugerðarvöru og sem ætluð er til flutnings eða pökkunar á vöru, enda sé ljóst að vara sú er kærandi flytur inn er líkust vörum þeim er falla í þann flokk. Með hliðsjón af framanrituðu er gerð sú krafa að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að staðfest verði að tollflokkan kæranda á vörunni sé rétt. Ef ekki verður fallist á þessa kröfu kæranda vekur hann athygli á að hann telur að hluti af kröfu tollstjóraembættisins sé fyrndur, sbr. ákvæði 3. gr. og 5. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905.

Samkvæmt 1. mgr. 103. gr. tollalaga falla aðflutningsgjöld í gjalddaga þegar tollstjóra hefur verið afhent aðflutningssskýrsla yfir vöru ásamt tilskildum gögnum. Í athugasemdum með frumvarpi til tollalaga nr. 55/1987 segir um 103. gr. tollalaga að gjalddagi aðflutningsgjalda skipti máli að því er varðar fyrningu þeirra, sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Samkvæmt 5. gr fyrningarlaga teljist fyrningarfrestur frá þeim degi er krafan varð gjaldkræf og er fyrningarfrestur aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. 3. gr. fyrningarlaga 4 ár og því sé ljóst að hluti þeirra aðflutningsgjalda sem tollstjóraembættið hafi endurákvæðað aðflutningsgjöld af sé fyrndur, sbr. neðangreindar sendingar. Þá er athygli ríkistollanefndar einnig vakin á því að hluti dráttarvaxtakröfu tollstjóraembættisins sé fyrnd skv. 2. mgr. 3. gr. fyrndarlaga nr. 14/1905. Samkvæmt ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 61/1989 skuli dráttarvextir reiknast frá eindaga aðflutningsgjaldanna, en samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 61/1989 sé eindagi aðflutningsgjalda sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningssskýrslu tollafgreiðsludagur vörunnar og því sé ljóst að hluti dráttarvaxtakröfu er fyrndur, sbr. ákvæði 2. mgr. 3. gr. fyrningarlaga. nr. 14/1905.

Að ofangreindu sé því ljóst að aðflutningsgjöld og dráttarvextir vegna neðangreindra sendinga eru fyrnd.

**Sendingarnúmer:
Tollafgreiðsludagur**

F21316126DKCPH Z003
23.01.1996
ESKO15097NLRTM W021
17.09.1997
EBAK13107NLRTM W071
14.10.1997
ELAG22097GBIMM W078
23.10.1997
ELAG25087NLRTM W004
28.08.1997
ESTP04087NLRTM W050
08.08.1997
EHAF08127GBIMM W016
10.12.1997
ELAG20107GBIMM W027
20.10.1997
EDET13017GBIMM W030
18.01.1997
ELAG15127GBIMM W051
12.12.1997
EDET10037GBIMM W011
12.03.1997
ESKO20017NLRTM W019
27.10.1997
ESKO02067NLRTM W028
03.06.1997
F50325047NLAMS4706

**Sendingarnúmer:
Tollafgreiðsludagur**

ELAG11087GBIMM W032
18.08.1997
EHAF10117GBIMM W079
19.11.1997
EHAF16028GBIMM W018
19.02.1998
ELAG06048GBIMM W009
14.04.1998
EBAK05108NLRTM W002
06.10.1998
ELAG21098GBIMM W043
22.09.1998
EBAK06048NLRTM W018
17.04.1998
ELAG23038GBIMM W083
25.03.1998
EDET26108NLRTM W026
02.11.1998
EHAD03088GBIMM W062
10.08.1998
EHAD31088GBIMM W056
01.09.1998
EHAD12108GBIMM W021
13.10.1998
EBAK09038NLRTM W864
10.03.1998
EDET27048NLRTM W026 29

30.04.1997
ESKO21047NLRTM W092
23.04.1997
EDET24037GBIMM W048
02.04.1997
ESKO07047NLRTM W044
08.04.1997
EDET21047GBIMM W077
23.04.1997
ESKO05057NLRTM W017
07.05.1997
ESTP23067NLRTM W007
25.06.1997
ESKO02067NLRTM W030
03.06.1997
EDET16067GBIMM W063
19.06.1997
EDET19057GBIMM W009
21.05.1997
EHAF08127GBIMM W080
15.12.1997
EBAK04087GBIMM W030
07.08.1997
EDET20107NLRTM W029
22.10.1997
EHAF27107GBIMM W057
29.10.1997
ELAG01127GBIMM W037
03.12.1997

04.1998
EBAK23038NLRTM W025
25.03.1998
EBAK18058NLRTM W059
19.05.1998
EDET12108NLRTM W054
13.10.1998
EHAD08068GBIMM W017
10.06.1998
EBAK23038NLRTM W081
25.03.1998
ELAG02118GBIMM W001
05.11.1998
ELAG18058GBIMM W019
19.05.1998
ESKO09028NLRTM W020
11.02.1998
EBAK29068NLRTM W018
30.06.1998
EHAF05018GBIMM W012
08.01.1998
EHAD09118GBIMM W016
12.11.1998
ELAG04058GBIMM W008
06.05.1998
ELAG04058GBIMM W008
06.05.1998
EDET20078NLRTM W025
24.07.1998

Að lokum segir að endurákvörðun tollstjóra sé mjög íþyngjandi fyrir kæranda og þess krafist að hin kærða ákvörðun tollstjóraembættisins verði felld úr gildi og að staðfest verði að tollflokkun kæranda sé rétt.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra kemur m.a. fram, að endurákvörðun taki til alls 115 sendinga og er þeim raðað í upptalningu tollstjóra í tvo flokka, A og B flokk. Í A flokki eru þær sendingar sem fengu almenna tollafgreiðslu og í B flokki eru þær sendingar sem fengu tollafgreiðslu í gegnum SMT (Skjalasending milli tölva).

Í A flokki eru eftirtaldar sendingar:

F 213 16 12 6 DK CPH Z003	E BAK 29 06 8 NL RTM W018	E DET 21 04 7 GB IMM W077
E HAF 08 12 7 GB IMM W080	E LAG 16 11 8 GB IMM W050	E DET 19 05 7 GB IMM W009
E LAG 01 12 7 GB IMM W037	E DET 12 10 8 NL RTM W054	E SKO 07 04 7 NL RTM W044
E HAF 27 10 7 GB IMM W057	E HAD 31 08 8 GB IMM W056	E SKO 20 01 7 NL RTM W019

E BAK 13 10 7 NL RTM W071	E HAD 03 08 8 GB IMM W062	E LAG 15 12 7 GB IMM W051
E SKO 15 09 7 NL RTM W021	E DET 26 10 8 NL RTM W026	E LAG 20 10 7 GB IMM W027
E LAG 11 08 7 GB IMM W032	E BAK 18 05 8 NL RTM W059	E DET 20 07 8 NL RTM W025
E BAK 04 08 7 GB IMM W030	E DET 27 04 8 NL RTM W026	E HAD 08 06 8 GB IMM W017
E DET 16 06 7 GB IMM W063	E BAK 06 04 8 NL RTM W018	E BAK 23 03 8 NL RTM W081
E SKO 02 06 7 NL RTM W028	E LAG 06 04 8 GB IMM W009	E LAG 18 05 8 GB IMM W019
E SKO 05 05 7 NL RTM W017	E LAG 08 02 9 GB IMM W053	E LAG 04 05 8 GB IMM W008
E SKO 21 04 7 NL RTM W092	E BAK 18 01 9 NL RTM W019	E SKO 09 02 8 NL RTM W020
E DET 24 03 7 GB IMM W048	E HAD 01 02 9 GB IMM W002	E HAF 05 01 8 GB IMM W012
E DET 10 03 7 GB IMM W011	E HAF 10 11 7 GB IMM W079	E LAG 21 09 8 GB IMM W043
E DET 13 01 7 GB IMM W030	E DET 20 10 7 NL RTM W029	E HAD 12 10 8 GB IMM W021
E HAF 08 12 7 GB IMM W016	E LAG 22 09 7 GB IMM W078	E BAK 05 10 8 NL RTM W002
E LAG 02 11 8 GB IMM W001	E LAG 25 08 7 NL RTM W004	E DET 07 12 8 NL RTM W098
E LAG 14 12 8 GB IMM W055	E STP 04 08 7 NL RTM W050	E LAG 23 03 8 GB IMM W083
E HAD 07 12 8 GB IMM W045	E STP 23 06 7 NL RTM W007	E BAK 23 03 8 NL RTM W025
E HAD 07 12 8 GB IMM W049	E SKO 02 06 7 NL RTM W030	E BAK 09 03 8 NL RTM W864
E DET 23 11 8 NL RTM W017	E DET 19 05 7 GB IMM W009	E HAF 16 02 8 GB IMM W018
E HAD 09 11 8 GB IMM W016	F 503 25 04 7 NL AMS 4706	

Í B flokki eru eftirtaldar sendingar:

E GOD 01 11 9 NL RTM W024	E LAG 04 12 0 NL RTM W039	E HAD 08 11 9 GB IMM W029
E DET 25 10 9 NL RTM W041	E BRU 30 05 0 DK CPH W338	E BAK 24 05 9 NL RTM W016
E HAD 25 10 9 GB IMM W014	E BRU 21 05 1 NL RTM W049	F 745 16 11 9 GB EMA Z029
E GOD 04 10 9 NL RTM W018	E GOD 18 09 1 DK AAR W606	E HAD 15 03 9 GB IMM W016
E HAD 27 09 9 GB IMM W041	E BRU 24 09 1 NL RTM W012	F451 16 12 9 GB LHR V032
E GOD 06 09 9 NL RTM	E SEL 12 11 1 NL RTM	E GOD 13 03 0 NL

W041	W013	RTM W020
E LAG 23 08 9 GB IMM	E LAG 26 02 1 NL RTM	E THR 29 02 0 DK CPH
W015	W002	W303
E THR 17 08 9 DK CPH	E SEL 23 07 1 GB IMM	E BRU 08 02 0 DK CPH
W210	W007	W344
E BAK 05 07 9 NL RTM	E SEL 07 01 2 GB IMM	E HAD 17 01 0 GB IMM
W009	W001	W006
E HAD 07 06 9 GB IMM	E DET 22 03 9 NL RTM	E SEL 11 12 0 GB IMM
W100	W129	W019
E LAG 17 05 9 GB IMM	E GOD 27 12 9 NL	E SEL 11 12 0 GB IMM
W059	RTM W013	W045
E DET 19 04 9 NL RTM	E HAD 06 12 9 GB IMM	E SEL 03 09 1 GB IMM
W002	W062	W006
E LAG 19 04 9 GB IMM	E LAG 29 11 9 GB IMM	E BRU 17 12 1 NL RTM
W010	W037	W051
E LAG 18 12 0 GB IMM	E GOD 29 11 9 NL	E SEL 26 11 1 GB IMM
W082	RTM W006	W017
E SEL 13 11 0 GB IMM	E GOD 29 11 9 NL	E LAG 12 03 1 GB IMM
W026	RTM W024	W013
E LAG 06 11 0 NL RTM	E GOD 26 07 9 NL	E SEL 15 10 1 NL RTM
W016	RTM W009	W091
E HAD 10 04 0 GB IMM	E HAD 22 11 9 GB IMM	E DET 27 02 1 SE GOT
W015	W093	W659

Tollstjóri telur innflytjanda hafa tollflokkað bastvörur ranglega í tnr. 4602.1001 og 4602.9001 sem *Körfugerðarvörur, tágasmíði og aðrar vörur, unnið beint í endanlega lögun úr fléttiefnum eða gerðar úr vörum í nr. 4601; vörur úr lúffu: - Úr jurtaefnum: --Varningur til flutnings eða pökkunar á vörum*, en eiga að vera í tollnr. 4602.1009 og 4602.9009 sem --*Annað*, skv. túlkunarreglum 1 og 6 við tollskrá þar sem varan er ekki ætluð til flutnings eða pökkunar. Tollskrárnúmerin 4602.1001 og 4602.9001 bera virðisaukaskatt 24,5%, en tollnr. 4602.1009 og 4602.9009 bera auk virðisaukaskatts A-toll 10%. Að mati embættisins eru aðflutningsgjöld vegna sendinganna því vangreidd.

Þá segir í skýringum sem forráðamenn fyrirtækisins hafi gefið að í upphafi innflutningsins hafði verið haft samband við upplýsingafulltrúa tollstjóra og borin undir hann skýring á tollflokki 4602.9001 með tilliti til varanna sem hugsaðar væru til innpökkunar á annarri vörutegund eins og ostum o.s.frv. Upplýsingafulltrúi kvaðst telja það líklegast að þessar vörur færu undir liðinn "Varningur til flutnings eða innpökkunar á vörum" frekar en "Annað". Á grundvelli þessara skýringa hafi innflutningurinn verið tollflokkaður í 4602.9001, enda sé það mat innflytjanda að varan eigi þar undir með tilliti til orðalagsins "...til flutnings eða pökkunar á vörum". Fyrirtækið flytji inn körfur og bastbakka sem eru endurseldir til fjölmargra framleiðslufyrirtækja á Íslandi til notkunar við innpökkun á alls kyns matvælum ásamt annarri innpökkun. Sem dæmi um notkun varanna eru nefndar ostakörfur og bakkar, körfur undir páskaegg og smákökur til jólanna, körfur undir jólagjafir starfsmanna, brauðkörfur o.fl. í þeim dúr.

Tollstjóri hafnar því að vörur þær sem hér um ræðir séu ætlaðar til flutnings eða pökkunar eins og fyrirtækið hefur haldið fram. Hann telur að vörurnar gegni hlutverki íláts við framsetningu á annarri vöru og beri því að tollflokka vörurnar í þeim sendingum sem hér um ræðir í tollnr. 4602.1009 og 4602.9009. Með tilliti til þess að fyrirtækið Bergís ehf. stundi innflutning í atvinnuskyni telur tollstjóri eðlilegast og einfaldast að leitað hefði verið eftir staðfestingu á tollflokkun vörunnar skv. 142. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, hafi vafi leikið á því í hvaða tollskrárnúmeri varan ætti heima. Innflytjandinn beri ábyrgð á því að þeirri staðfestingu var ekki sinnt.

Þá segir að gerðar hafi verið athugasemdir við tollflokkun nokkurra sendinga vegna rangrar tollflokunar umræddrar vöru. Þessu til staðfestingar nefnir tollstjóri sendingarnar: E BAK 10 11 7 NL RTM W016, E BAK 24 11 7 NL RTM W047 og E BAK 24 11 7 NL RTM W057. Innflytjandi hafi leiðrétt tollflokkun samkvæmt athugasemd tollstjóra en síðan haldið áfram að tollflokka ranglega. Þá er sýndur útreikningur tollstjóra á hinum vanreiknuðu aðflutningsgjöldum. Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda er eftirfarandi: A-tollur kr. 875.923,-, virðisaukaskattur kr. 214.601,-, dráttarvextir kr. 935.409,-, samtals kr. 2.025.933,-.

Varðandi þær sendingar sem fengu tollafgreiðslu með SMT, (B) er endurákvörðun aðflutningsgjalda byggð á 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Samkvæmt 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT afgreiðslu er að ræða. Að því er varðar þær sendingar sem fengu tollafgreiðslu með almennum hætti er endurákvörðunin byggð á 1. mgr., sbr. 2. tölulíð 5. mgr. 99. gr. tollalaga, en samkvæmt henni er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Í ljósi þess að gerðar voru athugasemdir við tollflokkun vörunnar sem innflytjandi samþykkti athugasemdalaust, hefur hann að mati tollstjóra vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru í skilningi 2. tölul. 5. mgr. 99. gr. tollalaga.

Um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum fer eftir ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Dráttarvextir reiknast frá eindaga aðflutningsgjalda skv. reglugerð nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum.

Með hliðsjón af ofanrituðu úrskurðar tollstjórinn í Reykjavík að innflytjandi greiði embætti tollstjórans í Reykjavík aðflutningsgjöld að fjárhæð kr. **2.025.933** vegna endurákvörðunar aðflutningsgjalda af vörum í sendingum nr.

F 213 16 12 6 DK CPH Z003	E GOD 27 12 9 NL RTM W013	E BAK 23 03 8 NL RTM W025
E HAF 08 12 7 GB IMM W080	E HAD 06 12 9 GB IMM W062	E BAK 09 03 8 NL RTM W864

E LAG 01 12 7 GB IMM W037	E LAG 29 11 9 GB IMM W037	E HAF 16 02 8 GB IMM W018
E HAF 27 10 7 GB IMM W057	E GOD 29 11 9 NL RTM W006	E LAG 08 02 9 GB IMM W053
E BAK 13 10 7 NL RTM W071	E GOD 29 11 9 NL RTM W024	E BAK 18 01 9 NL RTM W019
E SKO 15 09 7 NL RTM W021	E GOD 26 07 9 NL RTM W009	E HAD 01 02 9 GB IMM W002
E LAG 11 08 7 GB IMM W032	E HAD 22 11 9 GB IMM W093	E GOD 01 11 9 NL RTM W024
E BAK 04 08 7 GB IMM W030	E HAD 08 11 9 GB IMM W029	E DET 25 10 9 NL RTM W041
E DET 16 06 7 GB IMM W063	E BAK 24 05 9 NL RTM W016	E HAD 25 10 9 GB IMM W014
E SKO 02 06 7 NL RTM W028	F 745 16 11 9 GB EMA Z029	E GOD 04 10 9 NL RTM W018
E SKO 05 05 7 NL RTM W017	E HAD 15 03 9 GB IMM W016	E HAD 27 09 9 GB IMM W041
E SKO 21 04 7 NL RTM W092	F451 16 12 9 GB LHR V032	E GOD 06 09 9 NL RTM W041
E DET 24 03 7 GB IMM W048	E LAG 18 12 0 GB IMM W082	E LAG 23 08 9 GB IMM W015
E DET 10 03 7 GB IMM W011	E SEL 13 11 0 GB IMM W026	E THR 17 08 9 DK CPH W210
E DET 13 01 7 GB IMM W030	E LAG 06 11 0 NL RTM W016	E BAK 05 07 9 NL RTM W009
E HAF 08 12 7 GB IMM W016	E HAD 10 04 0 GB IMM W015	E HAD 07 06 9 GB IMM W100
E HAF 10 11 7 GB IMM W079	E LAG 04 12 0 NL RTM W039	E LAG 17 05 9 GB IMM W059
E DET 20 10 7 NL RTM W029	E BRU 30 05 0 DK CPH W338	E DET 19 04 9 NL RTM W002
E LAG 22 09 7 GB IMM W078	E SEL 07 01 2 GB IMM W001	E LAG 19 04 9 GB IMM W010
E LAG 25 08 7 NL RTM W004	E HAD 31 08 8 GB IMM W056	E DET 22 03 9 NL RTM W129
E STP 04 08 7 NL RTM W050	E HAD 03 08 8 GB IMM W062	E GOD 13 03 0 NL RTM W020
E STP 23 06 7 NL RTM W007	E DET 20 07 8 NL RTM W025	E THR 29 02 0 DK CPH W303
E SKO 02 06 7 NL RTM W030	E HAD 08 06 8 GB IMM W017	E BRU 08 02 0 DK CPH W344
E DET 19 05 7 GB IMM W009	E BAK 23 03 8 NL RTM W081	E HAD 17 01 0 GB IMM W006
F 503 25 04 7 NL AMS 4706	E LAG 18 05 8 GB IMM W019	E SEL 11 12 0 GB IMM W019
E DET 21 04 7 GB IMM W077	E LAG 04 05 8 GB IMM W008	E SEL 11 12 0 GB IMM W045
E SKO 07 04 7 NL RTM W044	E SKO 09 02 8 NL RTM W020	E BRU 21 05 1 NL RTM W049

E SKO 20 01 7 NL RTM W019	E HAF 05 01 8 GB IMM W012	E GOD 18 09 1 DK AAR W606
E LAG 15 12 7 GB IMM W051	E LAG 21 09 8 GB IMM W043	E BRU 24 09 1 NL RTM W012
E LAG 20 10 7 GB IMM W027	E HAD 12 10 8 GB IMM W021	E SEL 12 11 1 NL RTM W013
E LAG 02 11 8 GB IMM W001	E BAK 05 10 8 NL RTM W002	E LAG 26 02 1 NL RTM W002
E LAG 14 12 8 GB IMM W055	E DET 07 12 8 NL RTM W098	E SEL 23 07 1 GB IMM W007
E HAD 07 12 8 GB IMM W045	E DET 26 10 8 NL RTM W026	E SEL 03 09 1 GB IMM W006
E HAD 07 12 8 GB IMM W049	E BAK 18 05 8 NL RTM W059	E BRU 17 12 1 NL RTM W051
E DET 23 11 8 NL RTM W017	E DET 27 04 8 NL RTM W026	E SEL 26 11 1 GB IMM W017
E HAD 09 11 8 GB IMM W016	E BAK 06 04 8 NL RTM W018	E LAG 12 03 1 GB IMM W013
E BAK 29 06 8 NL RTM W018	E LAG 06 04 8 GB IMM W009	E SEL 15 10 1 NL RTM W091
E LAG 16 11 8 GB IMM W050	E LAG 23 03 8 GB IMM W083	E DET 27 02 1 SE GOT W659
E DET 12 10 8 NL RTM W054		

auk dráttarvaxta frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kærán til umsagnar með bréfi þann 18. desember 2002. Í svari sem barst nefndinni þann 22. janúar 2003, segir m.a. að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi til samræmingar vörulýsingar- og vöruheitaskrár, samræmd tollskrá. Alþjóðastofnunin (World Customs Organization (WCO)) hafi umsjón með samningnum og framkvæmd hans og hefur í því skyni m.a. gefið út skýringabækur um túlkun hans (Explanatory Notes). Samningurinn um samræmdu tollskrána var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. janúar 1985, sbr. auglýsingu nr. 25/1987 í C-deild Stjórnartíðinda. Með lögum nr. 96/1987, um breytingu á tollalögum nr. 55/1987, voru tollflokunarreglur samræmdu skrárinnar teknar í notkun hér á landi við tollafgreiðslu á vörum 1. janúar 1988, en tollskráin og túlkunarreglur hennar er birt sem viðauki I við lögjin. Við flokkun vöru í tollskrá ber að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: „Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:

Þegar kemur að flokkun vöru í undirliði, kemur til kasta 6. túlkunarreglunnar sem hljóðar svo: „Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir

við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Síðari túlkunarreglur skrárinnar koma einungis til álita, brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda", sbr. niðurlag fyrstu túlkunarreglunnar, og ber að beita þeim í rétta númeraröð, þ.e. síðari reglu einungis þegar ekki er hægt að flokka vöru eftir fyrri reglu. Ekki er hægt að velja þá reglu sem best þjónar tilgangi flokkandans hverju sinni. Þá segir að vörur þær sem hér um ræðir séu af ýmsum toga og megi þar nefna t.d. körfur ýmiss konar (Basket Oval, Field basket, Planting basket, Hanging basket, Handle basket, Wall basket, Laundry Basket, Bread Basket), diskar, föt, skálar, vasa og blómapotta (Plate, Tray, Bowl round, Bowl oval, Vase, Flowerpot) og ýmiss konar annan smávarning til heimilisnota (Planter, Napkin holder, Cutlery holder, Wallhanger oval, Cone hanging, Ring Olive, Spoons Round, Wallhanger, Drower Rattan, Potmum round). Þessar vörur beri einkenni búshalda og annarra vara til heimilisnota fremur en varnings til flutnings eða pökkunar á vörum. Orðalag tollskrárnúmeranna sem hér er deilt um sé fengið með íslenskri uppskiptingu á undirliðum alþjóðaskrárinnar. Textinn sé hins vegar fenginn úr vöruliðum yfir sambærilegar vörur úr öðrum eignum.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að til að fá gleggri mynd af þeim vörum sem eru til flutnings eða pökkunar á vörum annars vegar og búshöldum og öðrum vörum hins vegar, er hægt að líta til skýringa Alþjóðatollastofnunarinnar á slíkum vörum úr öðrum eignum. Sérstakir vöruliðir eru fyrir varning til flutnings eða pökkunar úr plasti, tré og úr pappír og pappa, vöruliðir 3923, 4415 og 4819. Skýringar við þá er að finna á bls. 620, 683 og 756 í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar. Einnig séu sérstakir vöruliðir fyrir borðbúnað, eldhúsbúnað og önnur búshöld úr plasti, vöruliður 3924 og úr víði, vöruliður 4419. Skýringar við þessa vöruliði sé að finna á bls. 621 og 687 í skýringarritinu og þar séu taldir upp flestir þeir hlutir sem hér um ræðir eins og t.d. diskar, skálar ýmiss konar, föt, krukur, krúsir, fötur, box og önnur eldhúsílát.

Hvað varaðar þá fullyrðingu kæranda að hann hafi ekki vitað um rétta tollmeðferð vörunnar þó svo að tollstjóri hafi gert athugasemdir við flokkun hans, þar sem hann hafi ekki fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi álit um tollflokun vörunnar bendir tollstjóri á að í niðurlagi tilvitnaðrar lagagreinar 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 komi fram að hafi innflytjandi áður tollflokkað vöru rétt, á eigin spýtur eða með hjálp tollstjóra, telst hann vita eða mega vita um rétta tollmeðferð.

Á árinu 1996 flutti kærandi inn fjölda sendinga með sams konar vörum og flokkaði þær þá í tnr. 4206.1009 og 4602.9009. Dæmi um þetta eru t.d. eftirfarandi sendingar:

E LAX 080 07 6 GB	P 102 13 08 6 IS B05	E REY 30 09 6 NL RTM
IMM W058	7997	W005
E REY 22 07 6 NL RTM	E REY 02 09 6 NL RTM	E BAK 14 10 6 GB IMM
W012	W006	W020
E REY 22 07 6 NL RTM	E REY 02 09 6 NL RTM	E DET 18 11 6 GB IMM
W021	W005	W078
E VIK 05 08 6 NL RTM	E DET 23 09 6 GB IMM	P 102 28 11 6 IS B08

Tollstjóri lítur svo á að hafi innflytjandi leiðrétt tollflokkun eftir ábendingu eða athugasemd frá tollstjóra án þess að gera athugasemdir eða kæra tollmeðferðina skv. 100. gr. tollalaga, sé hann samþykkur tollflokkuninni.

Hvað varðar varakröfu kæranda vísar tollstjóri til tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, en þar er kveðið m.a. á um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Í 1. mgr. 99. gr. segir að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós komi að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Jafnframt segir í 5. mgr. sömu greinar að tollstjóra sé heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, í nánar tilgreindum tilvikum. Tollstjóri vísar til þess að um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum segir í 7. mgr. 99. gr. að um þá gildi ákvæði vaxtalaga. Þegar litið sé til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu segir þar í 5. gr.: „*hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.*” Um gjalddagann er fjallað í 2. mgr. 108. gr. tollalaga en þar segir; „*eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið við tollafgreiðslu, er tollafgreiðsludagur varanna.*” Enn fremur segir í 3. mgr. 108. gr. að; „*ef aðflutningsgjöld eru ekki greidd á eindaga eins og hann er ákveðinn samkvæmt þessari grein skal frá og með eindaga reikna dráttarvexti af kröfunni fram að greiðsludegi.*”

Af þessari upptalningu sé ljóst að sá tími sem tollstjóri hafi til að endurákvæða aðflutningsgjöld í ákveðnum tilfellum séu sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi. Eindagi þeirra gjalda sem vangreidd hafi verið sé tollafgreiðsludagur varanna og frá þeim tíma beri að reikna dráttarvexti og til greiðsludags. Það er því ekki hægt að fallast á að krafa tollstjóra sé fyrnd. Með vísan til ofanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar er þess krafist að hann verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 23. janúar 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 14. febrúar s.á. segir m.a. að hin kærða ákvörðun byggji á þeirri forsendu að umræddar vörur *gegni hlutverki íláts við framsetningu á annarri vöru* og hafi þess vegna verið færðar í flokk 4602.1009 og 4602.9009, án þess að það sé rökstutt nánar. Nú hins vegar koma fram sjónarmið um að vörurnar *beri einkenni búsáhalda og annarra vara til heimilisnota fremur en varnings til flutnings eða pökkunar á öðrum vörum*. Eru meira að segja tilteknir nokkrir flokkar eldhúsíláta í þessu sambandi. Kærandi kannast ekki við að þessi lýsing eigi við umræddar vörur, hvað þá að á slíku hafi verið byggt í málinu af hálfu tollstjóra. Embættið hafi ekki haft í frammi tilburði til að kanna hver not þessara vara væru. Því beri að hafna öllum sjónarmiðum embættisins alfarið, enda brjóti þau í bága við allar grunnreglur stjórnarsýsluréttarins um andmælarétt og efni og rökstuðning stjórnarsýsluákvæðana. Kærandi mótmælir því að það að hann hafi í

einhverjum tilfellum samþykkt tollflokkun tollstjóra á vörunni leiði til þess að hann þurfi að búa við ranga flokkun hennar um aldur og ævi. Það að hann hafi samþykkt flokkunina hafi girt fyrir annars augljósan endurkröfurétt hans á hendur embættinu. Meðfylgjandi séu yfirlýsingar seljanda vörunnar sem styðji sjónarmið kæranda. Kærandi telur að meginatriðið sé að innfluttar vörur séu tollflokkaðar rétt. Umræddar bastkörfur séu nýttar sem varningur til flutnings eða pökkunar á annarri framleiðsluvöru en ekki sem búsáhald eða sem vara til heimilisnota þó að þær kunni að hafa viss einkenni þeirra. Þá bendir kærandi á að í mörgum tilvikum hafi hann sjálfur flokkað innfluttar vörur í flokk 4602.1009 og 4602.9009 þar sem það eigi við. Því er alfarið mótmælt að um sé að ræða sams konar vörur og nú sæta ágreiningi. Þar var þvert á móti um að ræða vörur sem eru seldar til heimilisbrúks eða skrauts. Enn fremur að í umfjöllun sinni um túlkunarreglur eitt og sex brjóti tollstjóri í bága við þá túlkunarreglu sem hann sjálfur hefur sett með reglu 3.a. um að það tollskrárnúmer, sem felur í sér nákvæmstu vörulýsingu, skuli tekið fram yfir tollskrárnúmer með almennari vörulýsingu.

Að öðru leyti en að ofan greinir er vísað til kæru og þess krafist að endurákvörðun tollstjóraembættisins verði felld úr gildi og að staðfest verði mat kæranda á tollflokkun umræddrar vöru.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir gögn þau sem málsaðilar hafa lagt fram og kynnt sér málið. Deilt er um tollflokkun á bastvöru sem innflytjandi heldur fram að sé vara til pökkunar á annarri vöru en tollstjóri heldur því fram að varan sé búsáhald. Um er að ræða 115 sendingar sem fluttar voru inn á árunum 1996 til 2001. Vara sú sem hér er deilt um tollflokkun á er gerð úr fléttiefnum úr jurtaefnum. Ekki er ágreiningur um flokkun í vörulið 4602 en deilt er um flokkun í undirlið. Nefndarmenn hafa farið yfir innflutningsskjöl og reynt að meta hvað það er sem helst einkennir þessa vöru. Við þá skoðun kemur í ljós að mest af þessari vöru eru föt og bakkar úr jurtatrefjum en einnig körfur undir tau, flöskur, körfur undir blómapotta, borðmottur, körfur til að hengja upp á vegg, körfur á reiðhjól, þ.e. körfur af hinum ýmsu stærðum og gerðum. Þá hafa nefndarmenn skoðað vöruna hjá tveimur endursöluaðilum. Nefndarmenn eru sammála um að vara sú sem hér er deilt um flokkun á hafi öll einkenni búsáhalda og beri því að tollflokka vöruna sem slíka. Kærandi heldur því fram að varan sé ætluð til umbúða og nefnir máli sínu til stuðnings fyrirtæki sem kaupir af honum körfur til að pakka inn vörum. Nefndarmenn fóru og skoðuðu vöruna hjá þeim fyrirtækjum sem nefnd voru. Um er að ræða svokallaðar ostakörfur, kaupmaður raðar saman í tágakörfu nokkrum tegundum af ostum, sultu, kexi og öðru góðgæti sem myndar samstæða heild sem gjarnan er notuð til gjafa. Það að kaupmenn noti vöruna til að setja fram vöru sína breytir ekki því að varan hefur öll einkenni búsáhalda og breytir ekki um tollflokkun þótt söluaðilar kjósi að nota hana svona. Það er þekkt að glerskálar eru notaðar undir t.d. sælgæti og sú notkun breytir ekki tollflokkun þeirrar vöru. Þetta á líka við um blómavasa, það að þeir séu seldir með blómum í gerir þá ekki að umbúðum. Nefndarmenn eru sammála því sem fram kemur hjá tollstjóra að líta beri til túlkunarreglna 1 og 6 við flokkun á vöru þessari og að varan beri öll einkenni búsáhalda. Vörunar ber því að flokka í tollnr. 4602.1009 eða 4602.9009. Í ljós hefur komið að kærandi flutti inn á árinu 1996 fjölda sendinga sem innihéldu tágavörur og flokkaði þær í tnr. 4602.1009

og 4602.9009. Hann virðist hins vegar breyta flokkun vörunnar síðla árs 1996 í tnr. 4601.1001 og 4602.9001. Tollstjóri vísar til sendinga sem kæranda var gert að leiðrétta tollflokkun á á árinu 1997. Þrátt fyrir þennan ágreining um flokkun óskaði kærandi ekki eftir úrskurði tollstjóra, sbr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 um tollflokkun vörunnar og leitaði ekki eftir bindandi álitum um tollflokkun vöru, sbr. 142 gr. tollalaga nr. 55/1987. Alls voru fluttar inn og tollafgreiddar í SMT afgreiðslu 64 sendingar og 51 í almennri tollafgreiðslu. Endurákvörðun tollstjóra á SMT afgreiðslunum byggir á 3. til 5. mgr. 99. gr. laga nr. 55/987 en þar segir að tollstjóri skuli endurákvörða innflytjanda aðflutningsgjöld allt að sex ár aftur í tímann ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Varðandi 51 sendingu sem afgreidd var í almennri tollafgreiðslu hefur komið í ljós að innflytjandi vissi eða hefði mátt vita um rétta tollflokkun vörunnar þar sem hann á árunum 1996 og 1997 tollflokkaði og var látinn leiðrétta tollflokkun á vörunni. Hann kaus hins vegar að breyta þeirri flokkun sem tollstjóri hafði gert honum að nota. Heimild tollstjóra til endurákvörðunar er í 2. tl. 5. mgr. 99. gr. laga nr. 55/1987 en þar segir: „Hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Það getur m.a. átt við hafi innflytjandi áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru í tiltekið tollskrárnúmer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams konar vöru í annað tollskrárnúmer við tollafgreiðslu eða áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda í ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollstjóra.” Í ljósi málsatvika eru nefndarmenn sammála endurákvörðun tollstjóra og þeim rökstuðningi er hún byggir á, að svo miklu leyti sem hún brýtur ekki gegn lögum nr. 14/1905 um fyrningu. Nefndarmenn lýsa hins vegar undrun sinni á því tómlæti starfsmanna tollstjóra að láta innflytjanda sem ítrekað hefur verið látinn leiðrétta tollflokkun á vöru á árunum 1996 til 1997 flytja inn athugasemdalaust sams konar vöru í fjögur ár. Að því er varðar kröfu kæranda um að hluti af kröfum tollstjóra sé fallinn niður vegna fyrningar skal eftirfarandi tekið fram: Úrskurður tollstjóra um endurákvörðun gjalda, dags. 13. nóvember 2002, telst rjúfa fyrningu. Það er óumdeilt í máli þessu að eindagi vanreiknaðra aðflutningsgjalda er tollafgreiðsludagur vörunnar, sbr. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987. Krafa tollstjóra um vexti fyrnist á fjórum árum, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu. Kröfur tollstjóra að öðru leyti fyrnast jafnframt á fjórum árum, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, enda fylgir lögtaksréttur tilgreindum kröfum tollstjóra, sbr. lög nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar, með síðari breytingum, en í 1. gr. þeirra laga segir m. a.: “Taka má lögtaki skuldir þær og gjöld, er nú skal greina: 1. Skatta til landssjóðs, sveitar- og bæjarsjóða, svo og önnur gjöld og greiðslur, sem eftir beinu lagaákvæði, eða eftir lögheimilaðri niðurrjöfnun eða mati eiga að lúkast til landssjóðs, sveitar- og bæjarsjóða, kirkna, opinberra stofnana, embætta og sýslna.” Samkvæmt framansögðu úrskurðast að allar kröfur tollstjóra sem eru frá 13. nóvember 1998 eða eldri eru fallnar niður vegna fyrningar.

Með vísan til 99. gr. og 101. gr. nr. 55/1987 með síðari breytingum, sbr. og 13. tl. 6. gr. sömu laga, 1. og 6. liða almennra reglna um túlkun tollskár, fyrningarlaga nr. 14/1905, sbr. einkum 2. og 3. tl. 3. gr. og 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar, svo og reglugerðar nr. 719/2000, úrskurðar ríkistollanefnd að

tollflokkun vöru í tnr. 4602.1009 og 4602.9009 sem flutt var inn á sendingarnúmerum:

F 213 16 12 6 DK CPH Z003	E GOD 27 12 9 NL RTM W013	E BAK 23 03 8 NL RTM W025
E HAF 08 12 7 GB IMM W080	E HAD 06 12 9 GB IMM W062	E BAK 09 03 8 NL RTM W864
E LAG 01 12 7 GB IMM W037	E LAG 29 11 9 GB IMM W037	E HAF 16 02 8 GB IMM W018
E HAF 27 10 7 GB IMM W057	E GOD 29 11 9 NL RTM W006	E LAG 08 02 9 GB IMM W053
E BAK 13 10 7 NL RTM W071	E GOD 29 11 9 NL RTM W024	E BAK 18 01 9 NL RTM W019
E SKO 15 09 7 NL RTM W021	E GOD 26 07 9 NL RTM W009	E HAD 01 02 9 GB IMM W002
E LAG 11 08 7 GB IMM W032	E HAD 22 11 9 GB IMM W093	E GOD 01 11 9 NL RTM W024
E BAK 04 08 7 GB IMM W030	E HAD 08 11 9 GB IMM W029	E DET 25 10 9 NL RTM W041
E DET 16 06 7 GB IMM W063	E BAK 24 05 9 NL RTM W016	E HAD 25 10 9 GB IMM W014
E SKO 02 06 7 NL RTM W028	F 745 16 11 9 GB EMA Z029	E GOD 04 10 9 NL RTM W018
E SKO 05 05 7 NL RTM W017	E HAD 15 03 9 GB IMM W016	E HAD 27 09 9 GB IMM W041
E SKO 21 04 7 NL RTM W092	F451 16 12 9 GB LHR V032	E GOD 06 09 9 NL RTM W041
E DET 24 03 7 GB IMM W048	E LAG 18 12 0 GB IMM W082	E LAG 23 08 9 GB IMM W015
E DET 10 03 7 GB IMM W011	E SEL 13 11 0 GB IMM W026	E THR 17 08 9 DK CPH W210
E DET 13 01 7 GB IMM W030	E LAG 06 11 0 NL RTM W016	E BAK 05 07 9 NL RTM W009
E HAF 08 12 7 GB IMM W016	E HAD 10 04 0 GB IMM W015	E HAD 07 06 9 GB IMM W100
E HAF 10 11 7 GB IMM W079	E LAG 04 12 0 NL RTM W039	E LAG 17 05 9 GB IMM W059
E DET 20 10 7 NL RTM W029	E BRU 30 05 0 DK CPH W338	E DET 19 04 9 NL RTM W002
E LAG 22 09 7 GB IMM W078	E SEL 07 01 2 GB IMM W001	E LAG 19 04 9 GB IMM W010
E LAG 25 08 7 NL RTM W004	E HAD 31 08 8 GB IMM W056	E DET 22 03 9 NL RTM W129
E STP 04 08 7 NL RTM W050	E HAD 03 08 8 GB IMM W062	E GOD 13 03 0 NL RTM W020
E STP 23 06 7 NL RTM W007	E DET 20 07 8 NL RTM W025	E THR 29 02 0 DK CPH W303
E SKO 02 06 7 NL RTM W030	E HAD 08 06 8 GB IMM W017	E BRU 08 02 0 DK CPH W344
E DET 19 05 7 GB IMM W009	E BAK 23 03 8 NL RTM W081	E HAD 17 01 0 GB IMM W006

F 503 25 04 7 NL AMS 4706	E LAG 18 05 8 GB IMM W019	E SEL 11 12 0 GB IMM W019
E DET 21 04 7 GB IMM W077	E LAG 04 05 8 GB IMM W008	E SEL 11 12 0 GB IMM W045
E SKO 07 04 7 NL RTM W044	E SKO 09 02 8 NL RTM W020	E BRU 21 05 1 NL RTM W049
E SKO 20 01 7 NL RTM W019	E HAF 05 01 8 GB IMM W012	E GOD 18 09 1 DK AAR W606
E LAG 15 12 7 GB IMM W051	E LAG 21 09 8 GB IMM W043	E BRU 24 09 1 NL RTM W012
E LAG 20 10 7 GB IMM W027	E HAD 12 10 8 GB IMM W021	E SEL 12 11 1 NL RTM W013
E LAG 02 11 8 GB IMM W001	E BAK 05 10 8 NL RTM W002	E LAG 26 02 1 NL RTM W002
E LAG 14 12 8 GB IMM W055	E DET 07 12 8 NL RTM W098	E SEL 23 07 1 GB IMM W007
E HAD 07 12 8 GB IMM W045	E DET 26 10 8 NL RTM W026	E SEL 03 09 1 GB IMM W006
E HAD 07 12 8 GB IMM W049	E BAK 18 05 8 NL RTM W059	E BRU 17 12 1 NL RTM W051
E DET 23 11 8 NL RTM W017	E DET 27 04 8 NL RTM W026	E SEL 26 11 1 GB IMM W017
E HAD 09 11 8 GB IMM W016	E BAK 06 04 8 NL RTM W018	E LAG 12 03 1 GB IMM W013
E BAK 29 06 8 NL RTM W018	E LAG 06 04 8 GB IMM W009	E SEL 15 10 1 NL RTM W091
E LAG 16 11 8 GB IMM W050	E LAG 23 03 8 GB IMM W083	E DET 27 02 1 SE GOT W659
E DET 12 10 8 NL RTM W054		

skuli staðfest.

Kröfum tollstjóra um innheimtu aðflutningsgjalda og vaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum af tilgreindum vörusendingum er hafnað að því er varðar þær sendingar sem tollafgreiddar voru fyrir 13. nóvember 1998 með vísan til 2. og 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu.